

Fyrirvari varðandi

„Reglur um viðmiðunarmót til vals á landsliðum LEK 2011“

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða landslið verða send til keppni á árinu 2011. Þá ákvörðun mun ný stjórn LEK sem kosin verður á haustmánuðum 2010 taka fyrri hluta ársins 2011.

Til að halda öllum möguleikum opnum fyrir nýja stjórn LEK verða gefin stig í öllum flokkum, þ.e. karlar 55+ með og án forgjafar, konur 50+ með og án forgjafar og karlar 70+ án forgjafar og punktar með forgjöf, í þeim viðmiðunarmótum sem fram fara haustið 2010 til vals á landsliðum 2011.

Reglur um viðmiðunarmót til vals á landsliðum LEK 2011

Almennar forsendur:

Við val á landsliðum LEK til þátttöku í landsliðsferðum á árinu 2011 hjá körlum 55+ og 70 + og hjá konum 50+ verður stuðst við árangur kylfinga í viðmiðunarmótum sem stjórn LEK stendur fyrir. Gefin verða stig fyrir árangur í mótunum í samræmi við stigatöflu sem stjórn LEK gefur út. **Stjórn LEK sker úr ágreiningi sem upp kann að koma varðandi viðmiðunarmótin og val til landsliða. Þeim úrskurði er ekki hægt að áfrýja.**

Fyrir öll landsliðin gildir að ef kylfingur sem áunnið hefur sér rétt til landsliðssætis afsalar sér þeim rétti flyst rétturinn til þess sem næstur stendur að árangri í viðmiðunarmótunum í viðkomandi flokki og gengur svo áfram uns landsliðið er að fullu skipað.

Allir landsliðsmenn skulu staðfesta að þeir treysti sér til að standa keppnisskilmála þeirra móta sem landsliðið tekur þátt í og að þeir séu tilbúnir til að greiða hluta ferðakostnaðar í samræmi við ákvörðun stjórnar LEK.

Landsliðshópar

Karlar 55 ára og eldri.

Stjórn LEK ákveður fjölda viðmiðunarmóta sem mega vera allt að 10. Stjórnin getur ákveðið að allt að 4 viðmiðunarmót verði haldin haustið 2010. Ávörðun stjórnar um heildarfjölda móta skal liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2011.

Notkun hjóla eða golfbíla er ekki heimil í Evrópumótum eldri kylfinga og því mega þeir sem eru að spila um landsliðssæti ekki nota þannig farartæki í viðmiðunarmótum LEK

Leikið skal af gulum teigum.

Leikinn er högggleikur án forgjafar hjá A-liðinu en með forgjöf hjá B-liðinu.

A lið. Keppni án forgjafar. Hámarksgrunnforgjöf er 12.

1. Þeir sex kylfingar sem fá flest stig samanlagt í 5 bestu hringjum sínum í viðmiðunarmótunum skipa landsliðið.

B lið. Keppni með forgjöf. Hámarksgrunnforgjöf er 16.

1. Þeir sex kylfingar sem fá flest stig samanlagt í 5 bestu hringjum sínum í viðmiðunarmótunum skipa landsliðið.

Karlar 70 ára og eldri.

Stjórn LEK ákveður fjölda viðmiðunarmóta sem mega vera allt að 10. Stjórnin getur ákveðið að allt að 4 viðmiðunarmót verði haldin haustið 2010. Ávörðun stjórnar um heildarfjölda móta skal liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2011.

Notkun hjóla eða golfbíla er ekki heimil í Evrópumótum eldri kylfinga og því mega þeir sem eru að spila um landsliðssæti ekki nota þannig farartæki í viðmiðunarmótum LEK.

Leikið skal af gulum teigum.

Leikinn er högggleikur án forgjafar hjá A-liðinu en punktkeppni með forgjöf hjá B-liðinu.

A lið. Keppni án forgjafar. Hámarksgrunnforgjöf er 16

1. Þeir sex kylfingar sem fá flest stig samanlagt í 5 bestu hringjum sínum í viðmiðunarmótunum skipa landsliðið .

B lið. Keppni með forgjöf. Hámarksgrunnforgjöf er 20

1. Þeir sex kylfingar sem fá flest stig samanlagt í 5 bestu hringjum sínum í viðmiðunarmótunum skipa landsliðið.

Konur 50 ára og eldri.

Stjórn LEK ákveður fjölda viðmiðunarmóta sem mega vera allt að 10. Stjórnin getur ákveðið að allt að 4 viðmiðunarmót verði haldin haustið 2010. Ávörðun stjórnar um heildarfjölda móta skal liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2011.

Notkun hjóla eða golfbíla er almennt ekki heimil í þeim mótum sem landslið eldri kylfingar taka þátt í og því mega þær konur sem eru að spila um landsliðssæti ekki nota þannig farartæki í viðmiðunarmótum LEK.

Leikið skal af rauðum teigum.

Leikinn er högggleikur án forgjafar hjá A-liðinu en með forgjöf hjá B-liðinu.

A lið. Keppni án forgjafar. Hámarksgrunnforgjöf er 12

1. Þeir fimm kylfingar sem fá flest stig samanlagt í 5 bestu hringjum sínum í viðmiðunarmótunum skipa landsliðið.

B lið. Keppni með forgjöf. Hámarksforgjöf er 28

2. Þeir fimm kylfingar sem fá flest stig samanlagt í 5 bestu hringjum sínum í viðmiðunarmótunum skipa landsliðið.

Ágúst 2010

Stjórn LEK.